




Skólanámskrá; Heilsuleikskólinn Laufás, Þingeyri, Ísafjarðarbær



Vettvangsferð í skemmtiferðaskip á Þingeyri, haust 2016

Merki Heilsuleikskóla



Merkið táknar þrenninguna hreyfingu, næringu og sköpun með einstaklinginn sem stefnir upp á við í brennidepli.

Efnisyfirlit

Skólanámskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar	2
Starf leikskóla Ísafjarðarbæjar	2
Perlan	3
Leiðarljós leikskóla	3
Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi	3
Námsumhverfi Heilsuleikskólans Laufáss	4
Viðmið Heilsuleikskóla	5
Sambætt og skapandi leikskólastarfi	6
Læsi og samskipti	6
Heilbrigði og vellíðan	7
Sjálfbærni og vísindi	7
Sköpun og menning	1
Jafnrétti	1
Lýðræði og mannréttindi	1
Mat á námi og velferð barna	1
Fjölskyldan og leikskólinn	1
Foreldraráð - foreldrafélag	2
Upplýsingamiðlun	2
Trúnaður - tilkynningaskylda	2
Tengsl skólastiga	2
Samstarf Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri	3
Heilsdagsskóli - dægradvöl	3
Starfsáætlun Laufáss	3
Hagnýtar upplýsingar um skólahald	3
Skólareglur	4
Upplýsingar um stoðþjónustu skólanna	5
Starfsmarkmið skólans	5
Stefna skólans	5
Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans	7
Leikurinn	4
Stillum saman strengi	1
Brúum bilið samstarf milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri	1
Móttökuáætlun	2
Móttökuáætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar	3
Mat á leikskólastarfi	4
Innra mat í leikskólum	35
Ytra mat í leikskóla	35

Skólanámskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar

Skólanámskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar byggir á Aðalnámskrá leikskóla frá 2011, lögum um leikskóla nr. 90/2008 og reglugerðum fyrir leikskóla. Segja má að námskráin sé samningur leikskóla Ísafjarðarbæjar um um menntamál og birtir heildarsýn um menntun sem felst í lögum og menntastefnu, þá áherslur, gildi og sýn hvers leikskóla.

Á grunni aðalnámskrár og námskrá leikskóla Ísafjarðarbæjar mótar hver leikskóli sína skólanámskrá. Skólanámskrá fjallar um þau gildi sem starf leikskólans byggist á og þá hugmyndafræði sem tekið er mið af. Í skólanámskrá eiga einnig að koma fram þær áherslur og leiðir sem leikskólinn hefur ákveðið að fara í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið.

Tilgangur leikskólanámskrár er:

1. Að skipuleggja leikskólastarfið, uppeldi og nám barna.
2. Að stuðla að gæðum í stafi og skilvirkni.
3. Að gera leikskólastarf viðkomandi skóla sýnilegra

Sýn á nám leikskólabarna

Viðhorf leikskólakennara til barna og bernskunnar almennt er afar mikilvægur áhrifaþáttur við mótun leikskólastarfs og leikskólauppeldis. Þeir sem vinna að uppeldi og menntun leikskólabarna sækja hugmyndir í sérstakar uppeldisaðferðir og sérstaka hugmyndafræði.

Í gegnum tíðina hafa uppeldisaðferðir verið með ýmsum hætti og síðustu áratugina hafa þær breyst allnokkuð svo ekki sé meira sagt. Raddir barna eru margar og mismunandi eftir því hvar þau eru í heiminum, samfélagi, trú, fjölskyldu og fleira. Börn tala um reynslu sína, en þau upplifa ekki hlutina á sama hátt. Því er það mjög mikilvægt að sýn og viðhorf leikskólakennarana á barnið sé í samræmi við hlutverk þeirra og starfsumhverfi.

Starf leikskóla Ísafjarðarbæjar

Starf leikskóla í Ísafjarðarbæ byggir á eftirtöldum lögum og reglugerðum

Lög um leikskóla

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Aðalnámskrá leikskóla 2011

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/nr/3952>

Reglugerðir um stafsumhverfi leikskóla

<http://www.reglugerd.is/interpro/dkm/WebGuard.nsf/key2/225-1995>

Skólastefna Ísafjarðarbæjar

http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/629/

Félags og velferðastefna

http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/631/

Einnig byggja leikskólarnir starf sitt á ýmsum stefnumótandi samþykktum – s.s.

Jafnréttisstefna Ísafjarðarbæjar,

http://isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/628/

Starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar

http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/695/

Forvarnastefnu Ísafjarðarbæjar.

http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/626/

Perlan

Leikskólaperlan er líkan af margþættu námi barnsins í leikskólanum. Í leikskólaperlunni er barnið í brennidepli því allt leikskólastarfið snýst um barnið.


Guli liturinn innsti kjarni perlunnar, litur sólarinnar einkennir barnið . Þeir þættir sem næst eru barninu og unnið er með í daglegu lífi þess í leikskólanum eru: Að klæða sig í og úr, borðhald, svefn og hvíld, hreinlæti, frágangur og snyrtimennska. Litur þeirra er appelsínugulur - tákn samþættingar á námi og lífi barns.

Námssvið leikskólans koma næst: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Litur þeirra er rauður, þ.e. glóðin sem í leikskólastarfinu býr og er uppspretta sambættis og skapandi leikskólastarfs.

Grunnbættir menntunar eins og þeir birtast í sameiginlegum kafla aðalnámskrár fyrir öll skólastig koma í ysta hring. Litur þeirra er grænn, tákni jarðarinnar, grunnurinn sem allt skólastarf byggist á; Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Leikurinn umlykur barnið í öllu starfi þess og námi. Grunnlitur þarlunnar er ljósblár, þ.e. litur vatnsins. Í því rými flýtur allt það sem tengir hina fjölbreyttu þætti leikskólastarfsins saman, þ.e. samþætting. Leikurinn gáar vatnið og kemur öllu á hreyfingu.

Grunnurinn af Perlunni er unnin af Hrafnhildi Sigurðardóttur, en uppfærð af Sesselju Hauksdóttir í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008 og aðalnámskrá leikskóla 2011.



Leiðarljós leikskóla

Allt starf skóla Ísafjarðarbæjar skal einkennast af metnaði og framförum. Nýta þarf gott aðgengi að náttúru, stofnunum og fyrirtækjum í bænum. Taka skal tillit til þarfa einstaklingsins við skipulag náms eins og kostur er. Leitast skal við að koma til móts við hæfileika hvers og eins og að umhverfi sé bæði styðjandi og hvetjandi. Mat á skólatafi þarf að vera fjölbreytilegt en samt skýrt og áreiðanlegt og taka til allra þátta skólastarfsins.

Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja. Leikskólinn er fyrsta stig skólakerfisins og upphaf formlegrar menntunar einstaklinga. Leikskólaaldurinn er mikilvægur tími náms og þroska. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri til að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi

Í skólum Ísafjarðarbæjar á að ríkja gagnkvæm virðing milli barna, foreldra og starfsfólks. Mikilvægt er að styrkja einstaklinginn til að tjá skoðanir sínar og tilfinningar.

Leggja ber áherslu á að kenna hverjum og einum að bera ábyrgð á gjörðum sínum og að nýta sér þá kennslu og aðstoð sem í boði er. Skapa skal nemendum tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.

Í skólunum eru til staðar virkir verkferlar vegna eineltis, áfalla og annarra atvika sem upp kunna að koma.

Leikskóli er vettvangur þar sem leggja á áherslu á gildi og starfshætti sem renna stoðum undir lýðræðislegt samfélag. Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn, samstarfsaðilar.

Í daglegu starfi leikskóla er lögð áhersla á að börn beri virðingu og umhyggju fyrir öðru fólki, brói með sér samkennd, tillitssemi, umburðarlyndi og vináttu.

Í leikskóla er frumkvæði barna efld og styrkt, þannig verða þau hæfari til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Þau eru hvött til að taka þátt í ákvörðunum sem varða líf þeirra og leik eftir því sem aldur og þroski leyfa.

Í leikskóla fá börn tækifæri til að læra að leysa deilur á jákvæðan hátt, gleðjast með öðrum, lifa í sátt við sig og umhverfi sitt. Virða skal rétt allra óháð kynferði, bakgrunni, aðstæðum eða getu.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Ísafjarðarbæjar skulu nemendur leik- og grunnskólum Ísafjarðarbæjar hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem lögð er áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. í fjölskyldu- og atvinnulífi. Einnig er fjallað um jafnrétti í sameiginlegum hluta aðalnámskrár fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem skólar sveitafélagsins vinna eftir.

Leikur og nám

Leikskólanám á að efla alhliða þroska barna, þ.e.a.s. efla mikilvægustu þroskaþætti sem samtvinnast hjá barninu. Þessir meginþættir og samspil þeirra varða líkamsvöxt barna og hreyfifærni, tilfinningalíf, vitsmuni, félagsvitund og félagsþæfni, fegurðarskyn og sköpunarþæfni, siðgæði og lífsviðhorf. Í leikskólastarfi er barnið í brennidepli og starfshættir eiga að taka mið af þroska og þörfum hvers barns. Leikskólanám er samþætt nám þar sem námssvið og námsþættir fléttast inn í daglegt líf og leik barnsins.

• Nám í leik

Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarninn í uppeldisstarfi allra leikskóla. Leikskólakennarar þekkja leik barna, þeir virða leikinn, hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfi barnanna. Fullorðnir og börn eru hluti af því umhverfi. Leikskólafræðingar leggja áherslu á mikilvægi leiksins sem náms- og þroskaleiðar- hinn frjálsi sjálfsprottni leikur er æðstur allra leikja. Margs konar upplifanir barnsins, svo og dagleg störf fullorðna fólksins, glæða leik barnanna lífi og innihaldi.

• Nám í daglegu lífi í leikskóla

Leikskólanám er samþætt nám þar sem barnið er að læra allan tímann við mismunandi aðstæður. Leikskólakennarar nota öll tækifæri sem gefast til að örva nám barnanna, t.d. í matartímum, fataherbergi og á snyrtingu. Umönnun og daglegar venjur eru stór hluti af leikskólastarfinu. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd. Með slíkri umönnun skapast tilfinningatengsl og trúnaðartraust.

• Nám í samskiptum

Hæfni til samskipta er grundvöllur þess að lifa, starfa og leika sér með öðrum í sátt og samlyndi. Leikskólakennarar stuðla að því að öll börn njóti sín í samskiptum og læri að taka tillit til annarra. Sjálfsmynd barna mótast hvað mest í samskiptum við annað fólk, bæði fullorðna og börn. Samvinna, samkennd, tillitssemi og ábyrgðartilfinning eru mikilvægir þættir í félagsþroska barna. Leikskólakennarar eru fyrirmyndir barnanna í orði og athöfnum.

• Nám í skapandi starfi og hugsun

Að skynja, skilja og skapa er hæfni sem börn verða að þróa með sér. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum á að stuðla að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni, áhuga, gleði og efla sjálfstæði þeirra. Leikskólakennarar hvetja börnin til að spyrja spurninga og velta fyrir sér lífinu og tilverunni. Þeir skapa einnig aðstæður til tjáningar og sköpunar í leik, máli, myndlist, tónlist, leiklist, hreyfingu og dansi. Þannig gefst börnunum tækifæri til að skynja umhverfi sitt, vinna með fjölbreyttan efnivið og öðlast margháttða reynslu.



Námsumhverfi Heilsuleikskólans Laufáss

Laufás varð formlega gerður að Heilsuleikskóla þann 29. september 2008. Leikskólinn Laufás er Heilsuleikskóli og vinnur eftir heilsustefnu þar sem markmiðið er að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á hreyfingu og holla næringu, gæði í samskiptum og listsköpun í leik og starfi.

Í heilsustefnu Laufás er markvisst unnið með hreyfingu. Skipulögð hreyfing fer m.a. fram í sundkennslu elstu barna, danskennslu fyrir 3-6 ára og ferðir í íþróttahúsið 1 sinni í viku. Þar fyrir utan eru hreyfistundir í hópastarfi og útvíst í valstundum. Áherslupættir hreyfingar tengjast m.a. þeim matsþáttum sem skoðaðir eru í heilsubók barnsins, **Það er leikur að læra** sem fylgir hverju barni í

gegnum leikskóladvölin. Lögð er áhersla á fjölbreytt hreyfinám sem örvar og eflir hreyfifærni barnanna ásamt því að þau upplifi þá ánægju og vellíðan sem hreyfingin veitir þeim.

Heilsubók barnsins, **Það er leikur að læra**, er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á stöðu barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor og veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni).

Viðmið Heilsuleikskóla

Leiðarljós;

Andleg, líkamleg og félagsleg vellíðan barna með því að efla líkams-, hreyfi-, tilfinninga-, vitsmuna-, félags-, og siðgæðisþroska ásamt sköpunargáfu.

Þarfir einstaklingsins

Í heilsuleikskóla á barn að fá uppfylltar þarfir sínar fyrir:

- ❖ Kærleika - að tilheyra einhverjum;
- ❖ Frelsi - að eiga valkosti;
- ❖ Sjálfsvirðingu - að vera metið að verðleikum;
- ❖ Skemmtun - að upplifa gleði.

Uppeldishlutverkið

Í heilsuleikskóla sinnir allt starfsfólkið námi barnanna. Nauðsynlegt er að nýta sér þann mannauð sem leikskólasamfélagið býður upp á hverju sinni.

Sjálfsprottinn leikur - Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins. Nauðsynlegt er að ætla tíma og skapa umhverfi sem hvetur börn til sjálfnáms gegnum leik.

Hreyfing - Umhverfið þarf að bjóða upp á aðstöðu bæði úti og inni til að þjálfja jafnt gróf- og fínhreyfingar til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega. Markviss hreyfipjálfun hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Næring - Stuðla skal að góðum matarvenjum og hollustu. Gæta skal þess að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og nota sem minnst af fitu, sykri og salti. Vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn.

Efling á sjálfsvirðingu – Umhverfi og aðstæður eiga að veita barninu öryggiskennd með því að búa því hlýju, festu og takmarka óæskilegt álag. Ánægjulegt vinnuumhverfi eflir gagnkvæma virðingu, sjálfstraust, samkennd, samstöðu og samstarf allra í samfélagi heilsuleikskólans.

Dagskipulag - Daglegt starf á að einkennast af hlýju, aga og festu en jafnframt ákveðnum sveigjanleika sem allt samfélag heilsuleikskólans er upplýst um.

Húsnæði - Húsnæði og umhverfi þess skal stuðla að vellíðan og hvatningu. Einnig verður að gæta öryggis og fyllsta hreinlætis.

Umhverfisvernd - Leitast skal við að móta umhverfisstefnu. Gæta skal ábyrgðar og virðingar fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Heilbrigður lífsstíll - Öll börn ættu að alast upp við það að virða heilsu sína og heilsu annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir innihaldsríku lífi.

Heilbrigður lífsstíll starfsmanna - Starfsmenn eru fyrirmynd barnanna og þurfa því að tileinka sér heilbriggt líf og horfa jákvæðum augum á hvaðeina sem gerir heilsunni gott, það eykur vellíðan þeirra í starfi.

Leikur er nám

Í bernsku felur leikur í sér nám, af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær.

Heilsuleikskólinn og heimilið

Áhersla er lögð á virkt foreldrasamstarf sem þátt í vellíðan barna. Mikilvægt er að náðið samstarf og gagnkvæmt traust ríki milli heimilis og heilsuleikskóla.

Stefna og stjórnun heilsuleikskóla

Stjórnunarhætti skal byggja á virku samstarfi og þátttöku allra í samfélagi heilsuleikskólans. Æskilegt er að móta starfsmannastefnu þar sem flestir koma að ferlinu.

Heilsuleikskólinn sem hluti af samfélaginu.

Heilsuleikskólinn er í virku samstarfi við rekstraraðila og öll stig menntakerfisins. Einnig þarf hann að líta á sig sem virkan þátttakanda og vera í góðu samstarfi við aðra í samfélaginu.

Samstarf milli skólastiga

Samstarf og gagnkvæm virðing þarf að ríkja á milli heilsuleikskóla og grunnskóla þar sem megináhersla er lögð á að börn fari ánægð á nýtt skólastig.

Samstarf við heilsugæslu

Þróa skal samstarf við heilsugæslu um mat og eftirlit með þroska og heilsu barnanna.

Þátttaka í menningarstarfi

Heilsuleikskóla ber að vera virkur þátttakandi í menningarviðburðum í samfélaginu til að efla sköpunarhæfileika og sköpunargleði.

Sambætt og skapandi leikskólastarf

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Námsgæðin eru sambætt og samofin öllu starfi leikskólans.

Læsi og samskipti

Börn eru félagsverur sem nota ýmsar aðferðir til að tjá sig og eiga samskipti við annað fólk. Læsi í víðum skilningi þess orðs er mikilvægur þáttur samskipta. Læsi í leikskóla felur í sér að búa yfir þekkingu og leikni til að skynja, skilja, túlka, gagnrýna og miðla. Með texta er hér átt við talmál, myndmál, ritmál, tölur og önnur kerfi tákna. Það hjálpar börnum að lesa í umhverfið sitt og nota tungumálið á fjölbreyttan hátt. Barnið á að njóta allra sinna hæfileika, í leik og starfi. Leikurinn ber með sér sýnileg einkenni ánægju og gleði og veitir barninu frjálssræði til að uppgötva nýjar leiðir og hugmyndir. Í gegnum leikinn fær barnið útrás fyrir hið skapandi afl sem í því býr og æfist í að nota það á persónu- og sveigjanlegan hátt.

Leikurinn er vinna barnsins. Í frjálsum leik virkjar barnið ímyndunarafl sitt og vinnur úr því sem það upplifir í daglegu lífi. Barnið lærir að taka tillit til og setja sig í spor annarra. Það þroskar samskiptahæfni sína í leik. Í frjálsum leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Frjálsi leikurinn býður upp á tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna s.s. málþroska, félagsþroska, siðgæðisþroska og hreyfiþroska.

Það er mikilvægt að leikskólinn tryggi börnum aðstæður til að eiga jákvæð og fjölbreytt samskipti sem auðvelda þeim að endurskapa upplifun sína í gegnum leik og skapandi starf, tileinka sér skilning á merkingu ritaðs máls og tákna, velt vöngum yfir menningu sinni og samfélagi, sem og menningu annarra þjóða og noti til þess ólíkar leiðir og margvíslega tækni. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik öðlast barnið samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum, reglu-, röðunar- og flokkunarleikjum læra það einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þess.

Við viljum;

- vera læs á umhverfið
- vera félagsfær og sjálfsörugg/ur
- læra lífsleikni.

Heilbrigði og vellíðan

Í leikskóla læra börn um hollt mataræði, hvíld, hreinlæti, hreyfingu og að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing hefur í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.

Umhyggjan skipar stóran sess í starfi leikskóla og mikilvægt er að mynda góð og nán tengsl við börnin.

Stuðla ber að heilbrigði og vellíðan barna í leikskóla með því að leggja áherslu á umhyggju, persónulega umhirðu, holla næringu, fjölbreytta hreyfingu, ögrandi og kerfjandi útivist, slökun og hvíld, tilfinningarlegt jafnvægi, jákvæð samskipti og félagsleg tengsl. Leggja skal áherslu á að skapa börnum og ungmennum aðstæður til heilbrigðra lífshátta. Umhverfið þarf að bjóða upp á möguleika bæði til gróf- og fínhyfinga til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega úti og inni. Lögð skal áhersla á skipulagðar hreyfistundir að lágmarki einu sinni í viku. Markmiðið er að efla alhliða þroska barnsins og líkamsvitund. Sjálfsöruggt og ánægt barn á auðveldara með að leika sér og tileinka sér þekkingu. Markviss hreyfipjálfun hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Hollt fæði er grunnur að almennri heilsu einstaklings s.s. líkamlegri og andlegri vellíðan, þroska, ónæmi og frammistöðu alla ævi. Í æsku er hollt fæði sérstaklega mikilvægt vegna þess að á þessu tímasteiði fer fram mesti vöxtur og þroski ævinnar. Lögð skal áhersla á að börnin fái hollan og næringarríkan mat úr sem flestum fæðuflokkum og að notað sé sem minnst af harðri fitu, sykri og salti í matargerðinni. Leggja skal áherslu á að auka grænmetis- og ávaxtaneyslu barnanna og vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn. Við samsetningu matseðla skal tekið mið af markmiðum Lýðheilsustöðvar varðandi næringu barna og fá næringarráðgjafa til að fara yfir matseðla og næringarinnihald.

Við viljum;

- Holla og góða næringu
- Sýna umhyggja fyrir sér og öðrum
- auka vitneskju um líkamann
- styrkja sjálfsmynd barnsins
- stuðla að betri hreyfifærni
- auðvelda samskipti
- læra hugtök
- borða hollan og næringarríkan mat
- fjalla um mikilvægi fæðuhringsins
- börnin verði meðvituð um hollustu og óhollustu matar
- matarhefðir verði í hávegum hafðar

Sjálfbærni og vísindi

Markmið sjálfbærni er að börn og starfsfólk geri sér grein fyrir því að þau vistspor sem sérhver einstaklingur skilur eftir sig skiptir máli, í nútíð og um alla framtíð. Lýðheilsa þar sem hver einstaklingur ber ábyrgð á sjálfum sér og sinni heilsu er hluti sjálfbærni.

Leikskólakennurum ber að ýta undir forvitni, ígrundun og vangaveltur barna. Jafnframt ber að ýta undir vísindalega hugsun og aðstoða börn við að sjá tengsl, orsök og afleiðingu og styrkja skilning þeirra á hugmyndum og hugtökum.

Í menntun til sjálfbærni er lögð áhersla á að margt smátt geri eitt stórt eins og endurvinnsla eða annað slíkt. Áhersla skal lögð á að börn fái tækifæri til að vinna með og velta vöngum yfir umgengni og virðingu við náttúruna. Auk þess skal stuðla að tækifærum til vinnu með upplýsingamiðlun, stærðfræði-, náttúrufræði- og eðlisfræðileg viðfangsefni. Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess, því á barnið að fá gott tækifæri til að kynnast náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt. Á þann hátt lærir barnið að kynnast landinu sínu og það getur notað upplifun/reynslu sína í leik og myndsköpun.

Í heilsuleikskólanum Laufási er stuðlað að virðingu barnsins fyrir náttúrunni og náttúruvernd og því er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnast henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum.

Við viljum;

- sýna samábyrgð í umhverfinu
- að barnið beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu
- að opna augu barnsins fyrir fegurð náttúrunnar

- að barnið öðlist þekkingu á fjölbreytileika hennar t.d. árstíðum og veðurfyrirbærum.
- að vekja áhuga barnsins á gróðri í nánasta umhverfi / gróðursetningu
- að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu
- að vekja áhuga barnsins á dýrum og skordýrum
- nýtni og að flokka rusl
- vinna með verðlaus efni
- útinám

Sköpun og menning

Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Með sköpun er átt við ígrundun, persónulegt nám og frumkvæði í skólastarfi. Í leikskóla skuli vera rými fyrir sköpun og tjáningu þar sem börn njóta þess að taka þátt í skapandi ferli, finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti, kanna og vinna með margvíslegan efnivið og nýta fjölbreytta tækni. Börnin fá öryggi með aukinni reynslu og færni og einnig fá þau útrás fyrir upplifanir, tilfinningar og sköpunargleði. Þannig æfir barnið meðal annars samhæfingu augna og handa, þjálfar fínhyfingar, formskyn og liti. Áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft og gleðina sem það vekur hjá barni að skapa viðfangsefni. Meðan á sköpunarferlinu stendur og eftir að því er lokið er barnið hvatt til að tjá sig um verkið sitt og miðla þannig hugmyndum sínum og tilfinningum. Einnig eiga þau að fá tækifæri til að kynnast bókmenntum, þulum, sögum og ævintýrum, læra texta og taka þátt í söng, skapa og tjá upplifun sína, svo sem í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu.

Börnin eiga að fá að njóta fjölbreyttrar menningar og lista, taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum.

Við viljum;

- að efla frjálsa og sjálfstæða sköpun barna
- örva tjáningu og sköpunargleði
- gleði og auka hugmyndaflug
- að gefa börnunum tækifæri til að efla sköpunargleði sína og hugmyndaflug í vinnu þar sem boðið er upp á fjölbreyttar aðferðir, efnivið og fá að handfjatla hann
- skynja fegurð í umhverfinu
- að kenna börnunum sjálfstæð vinnubrögð

Jafnrétti

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag. Með orðinu jafnrétti er átt við jöfn tækifæri allra til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi sem einkennist af skilningi, frið, umburðarlyndi, víðsýni og jafnrétti. Hugtakið jafnréttismenntun vísar til inntaks kennslu, námsaðferða og námsumhverfis og á að fara fram á öllum skólastigum. Heilsuleikskólinn Laufás leggur sig fram við að skapa jákvæðan skólabrag, stuðla að jákvæðri sjálfsmynd nemenda, hreyfingu, næringu, hvíld, andlegri vellíðan, góðum samskiptum, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og tilfinningagreind.

Við viljum;

- bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum, öðru fólki og menningu allra.
- að virðing sé gagnkvæm, gagnvart öllum er koma að leikskólastarfinu
- vera skóli án aðgreiningar
- að allir geti tekið þátt í samfélaginu
- að hlustað sé á skoðanir allra og allir fá að tjá sig
- að samskipti séu skýr og auðskiljanleg

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræði og jöfn mannréttindi stuðla að vellíðan einstaklingsins og bættu samfélagi. Mannréttindi fela í sér virðingu og efla þarf þekkingu hvers og eins á grundvallarréttindum og taka þarf tillit til áhuga nemenda og ábyrgðar á eigin námi í viðfangefnum skólastarfsins. Í leikskóla er mikilvægt að börn fái tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið, tækni njóti þess að taka þátt í skapandi ferli, geti glaðst yfir eigin sköpunarkrafti og taki með því þátt í að móta menningu leikskólans, t.d. þegar kemur að hátíðum og viðburðum.

Við viljum;

- virka hlustun
- að virðing sé gagnkvæm, gagnvart öllum er koma að leikskólastarfinu
- að allir fá að hafa áhrif.

Mat á námi og velferð barna

- **Heilsubók barnsins.**

Heilsubók barnsins, *það er leikur að læra*, er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á stöðu barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor og veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni).

Skimanir eru gerðar í leikskólanum til að fylgjast með námi og velferð hvers barns, þær skimanir sem lagðar eru fyrir eru;

Hljóm-2 próf eru hjá elsta árgangi.

EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári

Tove Krogh skimunarpróf fyrir 4 -5 ára börn.

Hreyfiproskammat fyrir 4 ára börn

Stærðfræðimat fyrir 5 ára börn

- **Mat foreldra**

Foreldrum gefst kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans og er sérstakur listi ætlaður til þess. Niðurstöður gefa leikskólakennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Fjölskyldan og leikskólinn

Samstarf - Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra/forráðamanna barns og starfsfólks þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Upplýsingar um barnið eru mikilvægar til þess að barninu líði vel og finni sig öruggt, en oft eru lítil atvik í lífi þess sem geta valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldrar/forráðamenn þurfa að láta starfsfólk vita þegar að komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt. Þetta er öryggisatriði fyrir barnið og starfsfólkið.

Einnig þarf að láta vita ef einhver annar en foreldri eða forráðamenn sækja börn sín. Foreldrum/forráðamönnum er velkomið að hringja í leikskólann til þess að spyrja um barnið og eins mun

starfsfólkið hringja í foreldra ef þörf krefur. Foreldrar/forráðamenn eru einnig velkomin í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem fram fer í samráði við starfsfólk.

- **Viðtöl** - Öllum foreldrum/forráðamönnum er boðið viðtal tvisvar sinni á ári. Í þessum viðtölum er m.a. rætt um líðan barnsins á leikskólanum, hæfni þess og þroska og farið er yfir heilsubókina. Foreldrar geta alltaf óskað eftir samtali, einnig geta leikskólakennarar óskað eftir að hitta foreldra ef þörf er talin vera á.
- **Boð í heimsókn** - Starfsfólk og börn leikskólans bjóða foreldrum/forráðamönnum nokkuð oft í leikskólann yfir skólaárið í bæði úti að þiggja súpu, grill eða kakó eða inni, í allskonar boð má t.d. nefna á Þjóðadaginn okkar, afmæli skólans og fleira.

Foreldraráð - foreldrafélag.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði sitja þrír foreldrar. Tekin var ákvörðun um að samnýta stjórn í þessu tvennu s.s. að vera í stjórn foreldrafélagsins og þær munu einnig taka að sér að vera í foreldraráði.

- **Hlutverk foreldraráðs** er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Ráðið skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.
- **Foreldrafélag**
Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og starfsfólks, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best. Allir foreldrar/forráðamenn barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum og er greitt í foreldrafélagssjóð.

Upplýsingamiðlun

- **Heimasíða** Leikskólinn er með heimasíðu slóðin er: <http://laufas.isafjordur.is/> þar má finna allar helstu upplýsingar og fréttir sem viðkemur leikskólanum hverju sinni.
- **Fréttabréf**
Leikskólinn gefur út nokkur fréttabréf á ári. Fjallað er um það sem efst er á baugi í starfsemi leikskólans hverju sinni.
- **Auglýsingatafla** er staðsett framan til við deildardyrnar. Á hana er upplýsingum komið á framfæri, biðjum við ykkur að fylgjast vel með þeim. Einnig er tafla þegar gengið er inn í leikskólann. Þar verða hengdar upp auglýsingar sem viðkemur leikskólastarfinu hverju sinni, t.d. uppákomur og fleira.

Trúnaður - tilkynningaskylda

Leikskólinn leggur áherslu á að fullur trúnaður ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu. Allt starfsfólk leikskóla undirritar sérstakt þagnarheit sem helst þó látið sé af starfi. Ef leikskólakennarar telja að líkamlegum og/eða andlegum þörfum barns sé ekki sinnt ber að tilkynna það barnaverndaryfirvöldum Ísafjarðarbæjar, sbr. 13. gr. laga um málefni barna og ungmenna.

Tengsl skólastiga

Í lögum og aðalnámskrám leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirku samstarfi leik- og grunnskóla. Þar er líka tiltekið að leikskólinn sé fyrsta skólastigið. Tilgangurinn með samstarfinu er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Mikilvægt er að flutningur þeirra yfir í grunnskólann sé vel undirbúinn. Nám barna þarf að vera samfellt. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanám þeirra byggir á.

Mikilvægt er fyrir grunnskólanemendur að upplifa þau tengsl sem mynduð voru í leikskóla og þá tilfinningu að hafa vaxið og þroskast.

Markmiðin með samstarfinu eru;

- ✓ að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna
- ✓ að efla tengslin milli skólastiganna
- ✓ að skapa samfellu í námi og kennslu
- ✓ að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- ✓ að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla

Samstarf Heilsuleikskólans Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólarnir tveir að áætlun sem felur í sér samvinnu beggja skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Samvinnan byggir á;

- ✓ skilafundum að vori – miðlun upplýsinga um nemendur.
- ✓ gerð áætlunar fyrir samstarfi vetrarins að hausti og endurmati að vori.
- ✓ gagnkvæmum heimsóknnum kennara.
- ✓ að setja fram markmið sem leikskólinn vinnur að til að efla skólafærni nemenda.
- ✓ gagnkvæmum heimsóknnum elstu nemenda leikskólans og nemenda 1. bekkjar grunnskólans.
- ✓ að huga að endurmenntun kennara beggja skólanna til að efla tengsl skólastiganna.

Samstarf skólanna við forráðamenn

Forráðamenn eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra til grunnskólans. Þeir eiga að vera með í ráðum um þær upplýsingar sem fylgja barninu úr leikskólanum í grunnskólann. Forráðamenn þurfa að veita barni sínu styrk og undirbúa það til að takast á við þær breyttu aðstæður sem verða við að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla. Forráðamenn mæta á skólafærninámskeið að vori og skólakynningu ásamt barni að hausti. (Sjá nánar hér aftar Brúum bilið samstarf milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri).

Heilsdagsskóli - dægradvöl

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási. Skóladagvist er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki að eldri nemendur fái vistun.

Markmið starfsins er að koma til móts við þarfir samfélagsins, forráðamenn og atvinnulífs með því að skapa börnunum öruggan og notanlegan samastað að skóla loknum. Dagurinn skiptist í frjálsan leik úti og inni og skipulagt starf svo sem fönður, leikir og fleira. Lögð er áhersla á friðsamleg og jákvæð samskipti og að dvölin geti verið lærdómsrík og skemmtileg.

Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar, hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og óskum forráðamanna.

Starfsáætlun Laufáss

Hagnýtar upplýsingar um skólahald

Laufás er opinn alla virka daga frá 1. september frá 7:45 – 16:15. Hann var, hefur verið og er einsetinn leikskóli.

Leikskólinn

Starfrækt er ein deild og er skipt í aldurskipta hópa. Boðið er upp á 4 – 8.5 tíma vistun fyrir börn eins til sex ára.

Kennarar og annað starfsfólk

Fjöldi starfsmanna ræðst af aldri barnanna og sérkennsluþörf hverju sinni. Matráður er starfandi hér við mötuneytið og sér um að matreiðslu fyrir leik- og grunnskólann á Þingeyri.

Námskeiðsdagur kennara

Námskeiðsdagur kennara er einn á ári og er sameiginlegur með öllum leikskólum í sveitarfélaginu og oft eru nágranna leikskólar með eins og t.d. frá Bolungarvík og Súðavík. Annað hvert ár er reynt að hafa verkleg námskeið sem beinast að börnunum og tengist t.d. hreyfingu, sköpun og leik og á móti er reynt að hafa fræðilegt efni t.d. hvernig á að taka á hegðun, þroskaraskanir, kynningar frá Greiningarstöð og þess háttar.

Reynt er að fá námskeið við hæfi fyrir matráða reglulega.

Starfsdagar/fundir kennara

Starfsdagar eru 3 á hverju skólaári.

Starfsfundir eru haldnir á skólatíma og eru 16 klst. veittir til þessa.

Skólareglur

Mætingar barna

Þegar barn kemur í leikskólann er mikilvægt að því sé fylgt inn á deild til starfsmanna. Þegar barnið er sótt þarf einnig að láta starfsfólk vita. Vilji er fyrir því að öll börn mæti á umsömdum tíma, en ef að breytingar verða er æskilegt að láta starfsfólk vita fyrir kl 9:00. Ef barn mætir þegar hópastarf er í gangi þá bíður það þar til það starf er búið. Ekki er réttlátt að trufla og brjóta upp það starf sem þegar er hafið. Það er hægt að mælast til að börnin komi í leikskólann fyrir skipulagt starf á morgnana, bæði vegna barna og starfsmanna, ekki síður vegna annarra barna sem þegar eru á staðinn.

Ekki er hægt að setja ströng skilyrði um mætingu barns í leikskóla á meðan foreldrar borga fyrir þessa þjónustu, en öll vinsamleg tilmæli eru sjálfsgöð. *Óstundvísí veldur truflun!*

Vinnutími starfsmanna er alltaf skipulagður með tilliti til dvalartíma barnanna.

Foreldrar hafa nokkrar mínútur til umráða við komu og þegar að barnið eru sótt. Mikilvægt er að virða þann tíma og misnota hann ekki.

Gjald er innheimt fyrir hvert skipti sem dvalartíminn er ekki virtur.

Reglur um veikindi

Taka þarf alltaf tillit til líðan barns. Barni getur liðið illa þó að það sé ekki endilega með hita. Barnið þarf að vera heima í tvo daga hitalaust áður en það kemur í leikskólann. Leyfilegt er að vera inni tvo daga eftir mikil veikindi. Ef barnið þarf að taka lyf er mikilvægt að haga lyfjagjöfinni þannig að lyfin séu gefin heima nema mjög brýna nauðsyn beri til. Ef þau þurfa lyf á leikskólatíma þá koma foreldrar og gefa lyfið.

Ekki á að koma með börn í leikskólann með sýkingar sem geta smitað önnur börn, t.d. augnsýkingar, kossageit eða annað nema að undangenginni lækni skoðun og meðferð sé hafin í a.m.k. einn dag.

Starfsfólk á Laufási hefur ekki leyfi til að gefa lyf nema í undantekningartilvikum t.a.m. sykursýki, astma, og/eða ofnæmislyf. Hugsanlega er hægt að samþykkja langtímalyfjagjöf gegn undantekningu en þá aðeins gegn vottorði og skriflegum fyrirmælum frá lækni.

Ef barn hefur greinst með óþol, ofnæmi, astma eða einhvers annars sem krefst sérstakrar meðferðar, skal skila læknisvottorði því til staðfestingar. Endurnýja þarf læknisvottorð á ársgrundvelli.

Áherslur í foreldrasamstarfi og innra mati

Foreldrafundir

Foreldrafundur er alltaf haldin í upphafi skólaárs til að ræða/kynna nýjungar í starfi og kynna nýtt starfsfólk til starfa ef það á við.

Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og einnig þegar barn byrjar á leikskólanum. Ef foreldrar óska eftir viðtali á öðrum tímum og oftar en hér er tilgreint er það velkomið. Foreldraviðtöl eru að hausti og vori

Foreldraráð/foreldrafélag.

Í lögum um leikskóla nr. 90/2008 kemur fram að við hvern leikskóla skuli vera foreldraráð. Í foreldraráði sitja þrír foreldrar. Tekin var ákvörðun um að samnýta stjórn í þessu tvennu s.s. að vera í stjórn foreldrafélagsins og þær munu einnig taka að sér að vera í foreldraráði.

Í foreldraráði sitja:

Sjá heimasíðu leikskólans: <http://laufas.isafjordur.is/>

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð skal fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Einnig hefur foreldraráð umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu.

Upplýsingar um stoðþjónustu skólanna

Skólaþjónusta Ísafjarðarbæjar

Hlutverk skólaþjónustunnar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaþjónustan veitir sérfræðiþjónustu t.d. einstaklingsþjónustu sem felst í greining og úrræði. t.d. sálfræðileg og kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála.

Starfsmenn Skólaþjónustunnar

Viðtalstími er á opnunartíma skrifstofu nema annað sé tekið fram.

Simi 450 8000 - Fax: 456 3508

Ráðgjöf til foreldra og nemenda

Foreldrar geta leitað til ráðgjafa skóladeildar með vandamál tengd skólagöngu barns sem upp koma, hvort sem um er að ræða námsárangur, hegðun, eða líðan í skólanum.

Stjórnskipulag skólamála

Fræðslunefnd er skipuð 5 fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólastjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðiþjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum.

Starfsmarkmið skólans

er að búa börnum og starfsfólki öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi með **hlýju, virðingu og samkennd** að leiðarljósi. Einnig að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og málörvun í leik og starfi.

Á Laufási eiga börnin;

- ✓ að vera lífsglöð og líða vel
- ✓ hafa trú á eigin getu
- ✓ bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu
- ✓ fá efnivið við hæfi sem örvar þau, í átt til framfara í þroska í sem víðast skilningi
- ✓ að vera sjálfstæð, tillitssöm, skapandi og sjálfsörugg í lok leikskólagöngu sinnar

Stefna skólans

Markmið Heilsuleikskólans Laufáss eru að auka gleði og vellíðan barnanna með áherslu á næringu, hreyfingu og sköpun í leik.

Næring- borða hollan og næringarríkan mat - fjalla um mikilvægi fæðuhringsins - börnin verði meðvituð um hollustu og óhollustu matar - matarhefðir eiga að vera í hávegum hafðar. Hollt fæði er grunnur að almennri heilsu einstaklings s.s. líkamlegri og andlegri vellíðan, þroska, ónæmi og frammistöðu alla ævi. Í æsku er hollt fæði sérstaklega mikilvægt vegna þess að á þessu tímasteiði fer fram mesti vöxtur og þroski ævinnar. Gæta þarf þess að börn neyti fjölbreyttrar fæðu og nægilegs vökva. Auk þess er lögð áhersla á að nota sem minnst af fitu, sykri og salti sbr. Fæðuhringur Manneldisráðs.

Hreyfing - auka vitneskju um líkamann, - styrkja sjálfsmynd, - stuðla að betri hreyfifærni, - auðvelda samskipti, - læra hugtök. Í markvissri hreyfipjálfun eflist alhliða þroski barnsins. Barnið öðlast betri líkamsvitund og góð líkamleg færni leiðir af sér ánægðara barn. Sjálfsöruggt og ánægt barn á auðveldara með að leika sér og tileinka sér þekkingu. Markviss hreyfipjálfun hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Sköpun - örva sköpunargleði, - auka hugmyndaflug, - kynnast mismunandi efniviði og vinna með hann, - skynja fegurð í umhverfinu. Barn hefur mikla þörf fyrir að skapa og er að skapa allar stundir í leik sínum. Það að vinna út frá eigin forsendum og með þann efnivið sem það kys hverju sinni gefur barni færi á að þroska alla hæfileika sína. Skapandi starf eflir gagnrýna hugsun barna, þjálfar rökhugsun og eflir skynjun barns og næmi fyrir umhverfinu.

Uppeldishlutverkið

Í heilsuleikskóla sinnir allt starfsfólkið námi barnanna. Nauðsynlegt er að nýta sér þann mannauð sem leikskólasamfélagið býður upp á hverju sinni.

Sjálfsprottinn leikur - Leikur er hornsteinn leikskólastarfsins. Nauðsynlegt er að ætla tíma og skapa umhverfi sem hvetur börn til sjálfsnáms gegnum leik.

Hreyfing - Umhverfið þarf að bjóða upp á aðstöðu bæði úti og inni til að þjálfa jafnt gróf- og fínhreyfingar til að styrkja barnið líkamlega, andlega og félagslega. Markviss hreyfipjálfun hefur einnig áhrif á málþroska og málskilning barna og þar með eykst félagsfærni og leikgleði sem eflir vináttubönd.

Næring - Stuðla skal að góðum matarvenjum og hollustu. Gæta skal þess að hafa fæðið sem fjölbreytilegast og nota sem minnst af fitu, sykri og salti. Vatn skal vera aðgengilegt fyrir börn og starfsmenn.

Efling á sjálfsvirðingu - Umhverfi og aðstæður eiga að veita barninu öryggiskennd með því að búa því hlýju, festu og takmarka óæskilegt álag. Ánægjulegt vinnuumhverfi eflir gagnkvæma virðingu, sjálfstraust, samkennd, samstöðu og samstarf allra í samfélagi heilsuleikskólans.

Dagskipulag - Daglegt starf á að einkennast af hlýju, aga og festu en jafnframt ákveðnum sveigjanleika sem allt samfélag heilsuleikskólans er upplýst um.

Húsnæði og umhverfi þess skal stuðla að vellíðan og hvatningu. Einnig verður að gæta öryggis og fyllsta hreinlætis.

Umhverfisvernd - Leitast skal við að móta umhverfisstefnu. Gæta skal ábyrgðar og virðingar fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Heilbrigður lífsstíll.



Öll börn ættu að alast upp við það að virða heilsu sína og heilsu annarra sem ómetanleg verðmæti og grundvöll fyrir innihaldsríku lífi.

Heilbrigður lífsstíll starfsmanna - Starfsmenn eru fyrirmynd barnanna og þurfa því að tileinka sér heilbriggt líf og horfa jákvæðum augum á hvaðeina sem gerir heilsunni gott, það eykur vellíðan þeirra í starfi.

Leikur er nám - Í bernsku felur leikur í sér nám, af leik sprettur ný þekking, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Í leik tjáir barn tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær.

Heilsuleikskólinn og heimilið - Áhersla er lögð á virkt foreldrasamstarf sem þátt í vellíðan barna. Mikilvægt er að náð samstarf og gagnkvæmt traust ríki milli heimilis og heilsuleikskóla.

Stefna og stjórnun heilsuleikskóla - Stjórnunarhætti skal byggja á virku samstarfi og þátttöku allra í samfélagi heilsuleikskólans. Æskilegt er að móta starfsmannastefnu þar sem flestir koma að ferlinu.

Heilsuleikskólinn sem hluti af samfélaginu - Heilsuleikskólinn er í virku samstarfi við rekstraraðila og öll stig menntakerfisins. Einnig þarf hann að líta á sig sem virkan þátttakanda og vera í góðu samstarfi við aðra í samfélaginu.

Samstarf milli skólastiga - Samstarf og gagnkvæm virðing þarf að ríkja á milli heilsuleikskóla og grunnskóla þar sem megináhersla er lögð á að börn fari ánægð á nýtt skólastig.

Samstarf við heilsugæslu - Þróa skal samstarf við heilsugæslu um mat og eftirlit með þroska og heilsu barnanna.

Þátttaka í menningarstarfi - Heilsuleikskóla ber að vera virkur þátttakandi í menningarviðburðum í samfélaginu til að efla sköpunarhæfileika og sköpunargleði.

Starfsgrundvöllur – markmið leikskólans

Einkunnarorð Laufáss eru **Það er leikur að læra** og með því er lögð áhersla á að barnæskan sé ævintýri sem skemmtilegt er að taka þátt í. Lögð er áhersla á leikinn í allri sinni fjölbreyttu mynd og hann settur í öndvegi, því leikurinn felur í sér nám.

Eitt helsta matstækið á Laufási er **Heilsubók barnsins**. Tvisvar á ári eru skráð staða hjá hverju barni fyrir sig, varðandi helstu þroskaþætti sem og geta hjá börnunum þessar uppl. er svo rædd á foreldrafundum og einnig reynt að bæta í þar sem þörf er á.

Skimanir eru gerðar í leikskólanum til að fylgjast með námi og velferð hvers barns, þær skimanir sem lagðar eru fyrir eru;

Hljóm-2 próf eru hjá elsta árgangi.

EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári

Tove Krogh skimunarpróf fyrir 4 -5 ára börn.

Hreyfiproskammat fyrir 4 ára börn

Stærðfræðimat fyrir 5 ára börn

Foreldramat er unnið annað hvert ár. Einnig eru foreldrafundur árlega og foreldraviðtöl tvisvar á ári þar sem finnst er kostur á að ræða einslega við hópstjóra og stöðuna á leikskólanum hverju sinni.

Starfsmannamat er unnið annað hvert ár.

Einu sinni á ári eru **starfsmannaviðtöl**.

Með heilsubókinni, þar sem þroskaþættir eru mældir með reglulegu millibili og Hljóm-2 prófunum náum við að fylgjast með framförum barnanna og grípa inni þegar þörf er á. Foreldraviðtöl og kannanir gefa tækifæri til að koma með nýjar hugmyndir og ræða það sem betur má fara. Starfsmannaviðtöl og opin umræða meðal starfsfólks gera okkur kleift að sýna samstöðu og vera vakandi fyrir nýjungum og stefna í átt að betri leikskóla.

Markviss málörvun:

Á Laufási fer fram mikil málörvun í öllu því sem er gert, hvort sem um er að ræða frjáls leikur, almenn samskipti, samveru- og sögustundir eða þar sem samskipti fara fram. Einnig erum við með vissa tíma þar sem unnið er markvisst með málörvun.

Markmið:

- ❖ Að auka við málskilning
- ❖ Að auka við orðaforða og örva framburð sem er mjög mikilvægt ferli hvað varðar lestrargetu og lesskilning barnsins í framtíðinni.

Leiðir að markmiðum:

Farið er í leiki í litlum hópum og unnið með þætti eins og rím og þulur, hlustunar- og athyglisleiki, orð og setningar. Unnið er með efni úr bókinni Markviss málörvun á skipulegan hátt.

Lesið er fyrir börnin og sagðar sögur, farið er í minnisþil og fleiri leiki. Lögð er áhersla á hlustun og virðingu.

Íþróttir/hreyfing

Hreyfing er undirstaða alls þroska og börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing er ein af tjáningarleiðum barnsins og hreyfigeta þess og færni hefur mikil áhrif á aðra þroskaþætti. Hreyfing hefur áhrif á heilsu, snerpu og þol og barnið lærir að skynja líkama sinn og nær betur stjórn á hreyfingum sínum. Í hreyfileikjum öðlast barnið skilning á styrk sínum og getu, fær

útrás fyrir hreyfipörf og sjálfstraust þess eykst. Í hreyfileikjum lærir barnið einnig að vega og meta aðstæður um leið og það lærir að velja, hafna og þora. Í hreyfileikjum lærir barnið að virða reglur og fara eftir fyrirmælum. Með markvissri hreyfipjálfun eykst jafnvægi og samhæfing og barnið verður öruggara. Í gegnum hreyfingu þjálfast barnið í ýmsum stöðuhugtökum, rými, fjarlægð og áttum.

Markmið og leiðir:

- ❖ að barnið njóti þeirrar gleði sem hreyfingin veitir
- ❖ að efla alhliða þroska barnsins
- ❖ að barnið fái útrás fyrir hreyfipörf sína í fjölbreyttu umhverfi
- ❖ að auka úthald, einbeitingu og styrk barnsins

Í boði er:

- ❖ hreyfistund 1 x í viku þar sem settar eru upp brautir/stöðvar
- ❖ sundkennsla í íþróttahúsinu fyrir elsta árgang í umsjón íþróttakennara
- ❖ hreyfistundir í sal í Íþróttahúsinu 1 x í viku undir handleiðslu verkefnastjóra
- ❖ útivist, dans, hreyfileikir, gönguferðir, hópastarf.
- ❖ Íþróttahátíð leikskóla Ísafjarðarbæjar í júní annað hvert ár.

Hreyfistund í sal

Hreyfistund á sal er 1 x í viku hjá tveimur yngstu árgöngunum. Skipulag hreyfistunda er þannig að það er byrjað á upphitun, síðan eru ýmis viðfangsefni á stöðvum og í lokin er slökun. Hreyfistundir eru skipulagðar fyrir einn mánuð í senn og unnið er með sömu áherslur þennan mánuð. Hreyfistundir í sal í Íþróttahúsinu eru 1 x í viku fyrir næstelstu og elstu börnin og eru skipulagðar af verkefnastjóra, sem sér um að velja áherslur og viðfangsefni í samráði við leikskólann. Áherslur taka mið af færniþáttum heilsubókar en markmiðið er að bjóða börnunum upp á fjölbreytta hreyfingu sem æfir sem flesta hreyfipætti þeirra.

Markmið:

- ❖ að stuðla að alhliða þroska barnanna s.s fín- og grófhreyfingar.
- ❖ að efla heilsufar og afkastagetu hvers og eins
- ❖ að bjóða uppá fjölbætta íþróttapjálfun, dans- og sundkennslu.

Listir og sköpun

Myndsköpun er mikilvægur tjáningarmiðill þar sem frjáls og skapandi myndgerð barna mótast af þroskastigi þeirra, reynslu og uppvaxtarskilyrðum. Börn hafa mikla þörf fyrir að tjá sig með myndmáli og þau læra að koma hugmyndum sínum og tilfinningum til annarra með myndum og ýmiss konar táknum. Hafa þarf í huga að börn eru gædd mismiklum hæfileikum til sköpunar á sama hátt og þroskahraði þeirra og námshæfni eru mismikil en öll börn hafa þörf fyrir að fá að skapa sjálf og á eigin forsendum.

Börnin fá öryggi með aukinni reynslu og færni og einnig fá þau útrás fyrir upplifanir, tilfinningar og sköpunargleði. Þannig æfir barnið meðal annars samhæfingu augna og handa, þjálfar fínhreyfingar, formskyn og liti. Áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft og gleðina sem það vekur hjá barni að skapa viðfangsefni. Meðan á sköpunarferlinu stendur og eftir að því er lokið er barnið hvatt til að tjá sig um verkið sitt og miðla þannig hugmyndum sínum og tilfinningum.

Markmið myndsköpunar er:

- ❖ að efla frjálsa og sjálfstæða myndsköpun barna
- ❖ að gefa börnunum tækifæri til að efla sköpunargleði sína og hugmyndaflug í vinnu þar sem boðið er upp á fjölbreyttar aðferðir og efnivið
- ❖ að kenna börnunum sjálfstæð vinnubrögð

Leiðir að markmiðum eru:

Valtímar, frjáls leikur, hópastarf, gönguferðir – umhverfið



Íþróttastjóri elstu barna. FKK '17

Efniviður sem er í boði er m.a.: Pappír af ýmsum gerðum, ýmis konar málning og litir, sjálfharðnandi leir, leikdeig, vefnaður, efnisbútar, saumar og smíðadót, vatn, steinar, skeljar, sandur, laufblöð, verðlaust efni.

Á Laufási á myndsköpun að vera stór þáttur í daglegri vinnu barnsins þar sem hvatning og jákvæðni kennara skiptir miklu máli. Lögð er áhersla á sjálfstæða myndsköpun þar sem þroski og upplifun barna fær að njóta sín óháð verkum annarra. Viðfangsefni eiga að hæfa þroska og getu hvers og eins. Börnunum er boðið upp á fjölbreyttan efnivið og fá að kynnst ýmiss konar efnum, kanna eðli þeirra og gera tilraunir með þau. Það þarf að ætla góðan og samfelldan tíma til myndsköpunar. Lögð er áhersla á að börnin þjálfist í að vinna við fjölbreyttar aðstæður, s.s. á maganum, á gólfi, við borð, standandi og við trönur.

Öll verk barnanna eru merkt með nafni þeirra og dagsetningu og send heim.

Tónlist og söngur.

Að okkar mati skiptir tónlist og söngur miklu máli í uppeldi ungra barna. Þetta er mikilvægur þáttur í þroskaþáttum þeirra. Tónlist og söngur eykur tal, orðaforða og eflir tóneyrað. Það eykur sjálfssöryggi barnanna að standa upp og koma fram fyrir hópinn. Það eykur gleði og er ánægjuleg stund á degi hverjum.

Markmið tónlistaruppeldis:

- ❖ Að miðla tónlist okkar til barnanna.
- ❖ Að börnin noti fjölbreyttan hátt við tjáningu og söng.
- ❖ Að börnin öðlist jákvætt viðhorf til tónlistar og læri að njóta hennar.
- ❖ Að börnin upplifi tónlist með ýmsum hætti.
- ❖ Að börnin fái að kynnst hljóðfærum og hljóðgjöfum með tilraunum og tónlistarflutningi.
- ❖ Að hlusta.



Leiðir að markmiðum:

Fjölbreyttur söngur. Hreyfing og hrynjandi, t.d að klappa takt og sönglög með hreyfingum. Ýmsir leikir með hljóðgjafa, til er fjölbreytt úrval hljóðfæra og hljóðgjafa, röddin talin þar með.

Náttúra og umhverfi

Kynni barnsins við náttúruna eru þýðingarmikil fyrir þroska þess, barnið á að fá gott tækifæri til að kynnst náttúrunni og umhverfinu á fjölbreyttan hátt með daglegri útiveru, gönguferðum og ferðum í sveit og fjöru. Á þann hátt lærir barnið að kynnst landinu sínu og það getur notað upplifun/reynslu sína í leik og myndsköpun.

Í leikskólanum er stuðlað að virðingu barnsins fyrir náttúrunni og náttúruvernd og því er séð fyrir fjölbreyttum möguleikum á að kynnst henni, veðrinu og árstíðunum í fjölbreytileika sínum. Lögð er áhersla á að barnið fái tækifæri til að sula í vatni, róta í mold og sandi. Það fái tækifæri til að vinna úr og með náttúruleg efni. Barnið njóti snertingar við náttúruna og safni sjálf þeim efnivið sem notaður er í skapandi starfi í vettvangsferðum.

- ✓ að víkka sjóndeildarhring
- ✓ að kynnst menningu og listum
- ✓ að tengjast nánasta samfélagi sínu
- ✓ að kynnst nánasta umhverfi og náttúru.

Barnið fer í vettvangsferðir með kennurum sínum og tengjast þær gjarnan því námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Vettvangsferð út í náttúruna eða heimsókn á vinnustað eða í þjónustufyrirtæki gefur barninu reynslu sem



hægt er að vinna úr, t.d. í skapandi starfi. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna. Ýmist er farið í litlum eða stórum hópum. Öryggi barnsins er haft í fyrirrúmi í öllum ferðum sem farnar eru. Öll börnin nota endurskinsvesti sem eykur öryggi þeirra í umferðinni.

Markmið með náttúruskoðun í leikskólanum er:

- ❖ að opna augu barnsins fyrir fegurð náttúrunnar
- ❖ að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu
- ❖ að barnið beri virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.
- ❖ að vekja áhuga barnsins á dýrum og skordýrum.
- ❖ að vekja áhuga barnsins á gróðri í nánasta umhverfi.
- ❖ að barnið öðlist þekkingu á fjölbreytileika hennar t.d. árstíðum og veðurfyrirbærum.
- ❖ að barnið kynnist fjölbreytni náttúrunnar

Leiðir að markmiðum eru:

- ❖ að vekja áhuga barnsins á því sem fyrir augu ber
- ❖ að fara í gönguferðir um nágrennið
- ❖ að hvetja barnið til að beita öllum skilningarvitum í athugun sinni á náttúrunni

Þættir sem unnið er með: Endurvinnsla, pappírsgerð, flokka og skila sorpi. Skoða skordýr, dýr, fuglar, fiskar, umhverfið. Pressa og týna blóm.

Menning og samfélag

Maðurinn er óhjákvæmilega þátttakandi í því samfélagi sem hann býr í. Hefðir eru ákveðin menning og tengsl við sögu okkar og fortíð. Í leikskólanum kynnist barnið ýmsu í menningu samfélagsins, t.d. eru kenndar gamlar þulur og kvæði og farið er í ýmsa gamla leiki. Barnið þarf smám saman að kynnast því samfélagi sem það lifir í og menningu þess út frá eigin þroska og áhuga. Börn búa við mismunandi uppeldisskilyrði og ber hverjum leikskóla að taka tillit til þess í öllu starfi.

Á Laufási hafa með tímanum myndast ákveðnar hefðir sem eru mikilvægur hluti af menningu leikskólans. Í hefðum felst öryggi og oftast eitthvað sem gleður hjartað, það að gera sér dagamun. Flaggstöng er á leikskólanum og vilji er fyrir því að fjalla um íslenska fánann - tákn fullveldis þjóðarinnar. Lögð verður þá áhersla á að kenna barninu að umgangast íslenska fánann með virðingu og hafa í heiðri þær reglur sem gilda um notkun hans.

Markmið og leiðir:

- ❖ Að barnið kynnist ólíkum fjölskyldugerðum og ólíkum menningarheimum.
- ❖ Að barnið kynnist nánasta umhverfi sínu og því samfélagi sem það elst upp í.
- ❖ Að barnið kynnist hinum ýmsu hátíðum og hefðum í íslensku þjóðlífi
- ❖ Lestur bóka þar sem skoða má mismunandi menningarheima og samfélög.
- ❖ Vettvangsferðir þar sem nánasta umhverfi er skoðað. Umræður í okkar daglega starfi og söngstundir.
- ❖ Heimsóknir á hina ýmsu staði.
- ❖ Hefðir og hátíðir.

Á Laufási er lögð áhersla á fjölbreytt starf, til að mynda frjálsan leik, listir, íþróttir/hreyfing, kubbastarf, jákvæð samskipti, markviss málörvun, stærðfræði og lífsleikni.

Jákvæð samskipti og virðing

Þetta er gegnum gangandi þráður á Laufási í öllu starfi sem fram fer. Mikilvægt er að skilningurinn um að engin sé eins, en allir séu jafnmikilvægir einstaklingar í samfélaginu komist til skila og er nauðsynlegur þáttur í öllu okkar umhverfi. Kurteisi kostar ekkert, virðing og jákvæð samskipti lærist jafn auðveldlega og andstæðan, hvort viljum við frekar?

Markmið og leiðir:

- ❖ Að stuðla að hvert barn fái að njóta sín betur í leikskólanum sem einstaklingur og í hópnum.
- ❖ Að styrkja samkennd og samvinnu barnanna.



- ❖ Að efla virðingu barnanna fyrir hvort öðru, fyrir umhverfi sínu, reglur og umgengi.
- ❖ Að auka víðsýni barnanna.
- ❖ Að hvetja börnin til hjálpssemi hvert við annað.

Leikurinn

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins, hann er kennsluaðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn "leikur leikjanna". Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni.

Sköpunarþörf, virkni og hugmyndaflug barnsins birtist í leikjum þess. Í leikjum fær barnið hreyfiþörf sinni fullnægt og það þjálfar hreyfingar sínar og líkamsstjórn. Í leik öðlast barnið samkennd og vináttu. Í skipulögðum leikjum, reglu-, röðunar- og flokkunarleikjum læra það einfaldar samskiptareglur og að virða rétt annarra, í slíkum leikjum vaknar og þróast lýðræðisvitund þess.

Barnið er meira eða minna í frjálsum leiktíma allan daginn, inni og úti. Inn í frjálsa leikinn vinnum við hópastarfið. Barnið á að njóta allra sinna hæfileika, í leik og starfi. Leikurinn er markmið í sjálfu sér, óháð útkomunni. Leikurinn ber með sér sýnileg einkenni ánægju og gleði og veitir barninu frjálsræði til að uppgötva nýjar leiðir og hugmyndir. Í gegnum leikinn fær barnið útrás fyrir hið skapandi afl sem í því býr og æfist í að nota það á persónu- og sveigjanlegan hátt.

Leikurinn er vinna barnsins. Í frjálsum leik virkjar barnið ímyndunarafli sitt og vinnur úr því sem það upplifir í daglegu lífi. Barnið lærir að taka tillit til og setja sig í spor annarra. Það þroskar samskiptahæfni sína í leik. Í frjálsum leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Frjálsi leikurinn býður upp á tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna s.s. málþroska, félagsþroska, siðgæðisþroska og hreyfiþroska.

Val

Val er grundvallað á hugmyndum uppeldisfrömuða um áhugahvöt og virkni barnsins. Val gefur börnunum kost á fjölbreyttum verkefnum og húsnæði og búnaður leikskólans nýtist vel. Þá velja börnin sér svæði eða verkefni sem tengjast frjálsa leiknum. Börnin taka ábyrgð á eigin vali eftir aldri og þroska, með aðstoð fullorðinna.

Í valinu gefst börnunum kostur á að velja og hafna og bera um leið ábyrgð á eigin vali. Á þennan hátt stuðlum við að því að börnin verði ábyrgir og virkir einstaklingar, sem þora og vilja takast á við hið óþekkta í lífinu. Börnin skiptast á um að byrja að velja, þannig að þau fá einhvern tímann val um öll svæðin. Starfsmaður skráir val barnanna á þar til gerð eyðublöð.

Markmið með vali er:

- ❖ að stuðla að sjálfræði og sjálfstæði
- ❖ að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni
- ❖ að nýta vel búnað og rými skólans
- ❖ að börnin dreifist á leiksvæði skólans.



börn að leik 2017

Hópastarf/þemavinna:

Hópastarfið er unnið á þann hátt í vetur að hver hópur velur sér ákveðið efni sem tengist umhverfi okkar og samfélagi, til að vinna úr á sem fjölbreyttastan hátt.

Markmið og leiðir:

- ❖ Að efla samkennd barnanna hvert fyrir öðru.
- ❖ Að þjálfar börnin að vinna saman í hóp.
- ❖ Að börnin upplifi og kynnist fjölbreyttu tjáningarformi.

- ❖ Að börnin vinni með ýmis efni og form. Einnig að þau geri eigin tilraunir og uppgötvanir.
- ❖ Að upplifa gleði og ánægju yfir verkum sínum og kynnist samfélaginu og umhverfi sínu í samvinnu við aðra.

Fara í vettvangsferðir, hafa fastan barnahóp, kynnast samfélaginu og umhverfinu.

Vinna úr reynslu okkar í gegnum leik. Gera kannanir, tilraunir og kynnast því efni sem tekið er fyrir hverju sinni á sem fjölbreyttastan hátt.

Lífsleikni

Í lífsleikni felst, að auka við félagsfærni barnanna. Félagsfærni snýst um jákvætt samspil við aðra, virk og sannfærandi tjáskipti, samvinnu í leik og starfi og lausn ágreiningsmála, en þetta er allt mjög mikilvægt í þroskaferli barnsins. Félagsfærni eykur vellíðan barnanna og ýtir undir betri námsárangur. Börn sem ekki ná að læra viðurkennda framkomu og viðeigandi félagslega hegðun eiga það til að lenda í árekstrum við aðra. Félagleg færni lærist að mestu leyti á óformlegan hátt, t.d. með samskiptum við aðra og með því að gera mistök og fá leiðréttingu. Margt bendir til þess að kennsla í lífsleikni geti verið árangursrík til að ýta undir þroska í félagslegri færni og að minnka aðlögunarvanda þegar í grunnskóla kemur.

Samverustundir



Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Einnig er í samverustundum fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna að. Ýmis fræðsla tengd menningu og listum fer fram, fjallað er um heiti daganna og mánaðanna og einnig er veðráttan og tíðarfarið rætt í tengslum við árstíðirnar. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Börnunum er skipt niður í samverustundir eftir aldri og þroska. Þær tengjast matmálstímum og eru tvisvar til þrisvar á dag eftir árstíðum.

Markmið með samverustundum er:

- ❖ að stuðla að alhliða námi
- ❖ að eiga notalega stund saman.

Nám án aðgreiningar - sérkennsla

Leikskólinn er fyrir öll börn á leikskólaaldri. Í leikskóla eru börn með mismunandi atgervi og frá ólíkum menningarheimum. Leitast er við að hvert einstakt barn fái viðfangsefni við sitt hæfi.

Mikilvægt er að félagsskapur og samskipti barnanna bindi þau vináttuböndum og styrki samkennd þeirra. Í leikskólanum er það talinn ávinningur fyrir alla að eiga þar fjölbreytt samfélag.

Börn með fötlun og börn með frávik í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Meginreglan er að sérkennslan fari fram í hópnum með öðrum börnum eða í einstaklingstímum. Til leikskólans eru ráðnir kennarar með sérþekkingu, t.d. leikskólasérkennarar, leikskólakennarar og/eða þroskaþjálfar og eru þeir ásamt deildarstjóra ábyrgir fyrir því að gerðar séu áætlanir vegna barnanna og þeim framfylgt.

Markmið með sérkennslu er:

- ❖ að styðja barnið þannig að það geti notið leikskólavalar sinnar
- ❖ að skapa aðstöðu til að barnið geti þroskast sem best á eigin forsendum.

Ef grunur leikur á að barn þarfnist sérkennslu er fylgst sérstaklega með því og í framhaldi af því eru gerðar ráðstafanir sem hægt er að gera innan ramma leikskólastarfsins. Ef ástæða þykir til frekari aðgerða er í samráði við foreldra barnsins kallaður til sérkennslufulltrúi til frekari ráðgjafar.

Starf með elsta árganginn:

Það má segja að gerðar séu meiri kröfur til elstu barnanna en í öðru leikskólastarfi, t.d hvað varðar að

vanda verk sín og fullvinna þau og kröfur um raunverulega samvinnu og að hópurinn leysi sjálf úr ýmsum vandamálum og finna niðurstöður sem þau eru sátta við.

Markmið og leiðir:

- ❖ að efla félagsþroskann með því að vinna saman í hóp að ákveðnum og krefjandi verkefnum.
- ❖ börnin læra að taka tillit til hvers annars.
- ❖ að efla einbeitingu, færni og úthald með því að börnin læra að fara eftir fyrirmælum vanda vinnu sína og fullvinna sín verk, hvort sem það tekur einn dag eða fleiri.
- ❖ að efla undirstöðuatriði fyrir lestrar og stærðfræðinám s.s. sjón, minni, greind, mál, tilfinninga-, líkams- og hreyfiproska með ýmsum verkefnum.
- ❖ að efla sjálfsmynd og sjálfstraust, börnin læra að vera sátta við sjálft sig og geta komið fram fyrir stóra og litla hópa.
- ❖ að efla hugmyndaflug og sköpunargetu, með því að börnin fái örvun og tækifæri til að koma fram með hugmyndir og útfæra á fjölbreytilegan hátt.

Stærðfræði-talnaskilningur:

Þegar að börnin útskrifast úr leikskóla þá viljum að að þau hafi öðlast færni í gegnum leik og að þau kunni:

- | | |
|---|---------------------------------------|
| ❖ skil á heilum og hálfum | ❖ kunna flest alla liti |
| ❖ hafa rétt grip á blýanti. | ❖ kunna muninn á hægri og vinstri |
| ❖ kunna formin: hringur, ferningur, þríhyrningur. | ❖ börnin þekki tákn fyrir fjölda 1-20 |
| | ❖ kynnist mjúkum og hvössum línunum. |

Þekki hugtökin:

- ❖ jafnmargir-fleiri en- færri en
- ❖ jafnmikið -meira en- minna en
- ❖ jafnstórt- stærri en- minna en

Að börnin þekki staðarhugtökin:

- ❖ Yfir – undir – ofan – neðan
- ❖ fyrir aftan- fyrir framan -við hliðina á.

Markmið með stærðfræði:

- ❖ Að auka orðaforða,
- ❖ Auka málskilning,
- ❖ Auka talnaskilning og
- ❖ Auka formskynjun barna á skemmtilegan hátt í gegnum leik.

Leiðir að markmiðum:

Farið er í leiki í litlum hópum og unnið með þætti eins og flokkun, talningu, litina og fl.

Einingakubbar/Hollowblocks

Rannsóknir sýna að þetta efni hefur mjög víðtæk áhrif á náms- og þroskaleiðir barna. Þau hafa áhrif á t.d. málþroska, félags- og tilfinningaþroska, fagurþroska og líkamsþroska.

Börnin þroskast á sviði vísinda, þar sem þau gera tilraunir sem byggja á þyngdarafli, stöðugleika og jafnvægi, stærðfræði þar sem þau vinna með rými, stærra og minna en, flokkun, hæð, dýpt, breidd, lengd, svo dæmi séu tekin og samfélagfræði en þar er tekið til þátta eins og að vinna úr reynslu og umhverfinu, fólki og atvinnuháttum í umhverfinu, mynstri og hvernig fólk er háð hvert öðru.

Markmið:

- ❖ að þjálfra hugtakaskilning hjá börnum og örva þroska á fjölbreyttan og mjög skemmtilegan hátt.
- ❖ að örva rökhugsun og æfa fín- og grófhreyfingar hjá börnunum.
- ❖ að örva samvirkni og samvinnu hjá börnunum.

Leiðir að markmiðum:

Gefa börnunum góðan tíma og frjálsræði til að nota kubbanda. Fara í vettvangsferðir og kynnast umhverfinu. Leggja inn stærðfræðihugtök í leikjum tengdum samantektinni.

Útivera / Útikennsla

Á Laufási er lögð áhersla á mikla útivist og veður er ekki látið hafa áhrif á hana. Laufás vinnur markvissa útikennslu allt árið um kring. Allir hópar fara út einu sinni í viku og hafa með sér verkefni til að vinna. Við höfum mikið stuðst við bókina "Allir út í náttúruna" eftir Önnu Gínu Aagestad og Júlíönnu Vilhjálmsdóttur.

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki, t.d. ýmsa hópleiki. En einnig er útiveran notuð í menningar-, vettvangs- og náttúruskoðunarferðir.

Markmið:

- ❖ að efla alhliða þroska
- ❖ að auka andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.
- ❖ að upplifa fjölbreytt og skemmtilegt nám í náttúrunni.



Stillum saman strengi

Leikskólinn er ásamt öðrum leik- og grunnskólum í Ísafjarðarbæ höfum verið að vinna í verkefninu „Stillum saman strengi“ sem er um læsi í víðum skilningi til að búa nemendur sem best undir lestrarnám síðar meir. Það er fléttað inni allt starfið t.a.m. í hópastarfi og í markvissri málörvun þar sem unnið er með m.a. rím, romsur, sögur, þulur, samsett orð, klappa atkvæði, para saman orð og margt fleira. Við höfum verið með mjög marga leiki sem að koma með beinum eða óbeinum hætti inná þessa þætti til að efla læsisfærni hjá börnunum. Áherslur og markmið fyrir hvern árgang er unnin og reynt að ná sem bestri færni hverju sinni.

Brúum bilið samstarf milli Laufáss og Grunnskólans á Þingeyri

Í lögum og aðalnámskrá leik- og grunnskóla kemur fram að skylt sé að koma á gagnvirkum samstarfi leik- og grunnskóla. Tilgangurinn er að auðvelda barni þá breytingu sem verður á lífi þess þegar það fer úr leikskóla yfir í grunnskóla. Sú þekking og færni sem börnin öðlast í leikskóla verður sá grunnur sem grunnskólanámið byggir á.

Mikilvægt er fyrir grunnskólanemendur að upplifa þau tengsl sem mynduð voru í leikskóla og þá tilfinningu að hafa vaxið og þroskað.

Markmiðin með samstarfinu eru;

- ✓ að efla tengslin milli skólastiganna
- ✓ að skapa samfellu í námi og kennslu
- ✓ að koma til móts við þarfir nemenda og stuðla að markvissari uppbyggingu náms á mótun skólastiga
- ✓ að auka gagnkvæma þekkingu og skilning kennara á námi barna og starfsaðferðum hvors skóla
- ✓ að stuðla að vellíðan og öryggi barna við að flytjast á milli skólastiganna.

Til að ná áður nefndum markmiðum vinna skólarnir tveir að áætlun sem felur í sér samvinnu beggja skólanna yfir veturinn ásamt nokkrum áhersluatriðum og verkþáttum fyrir hvorn skóla.

Samvinnan byggir á;

- ✓ skilafundum að vori – miðlun upplýsinga um nemendur.
- ✓ gerð áætlunar fyrir samstarfi vetrarins að hausti og endurmati að vori.
- ✓ gagnkvæmum heimsóknnum kennara.
- ✓ að setja fram markmið sem leikskólinn vinnur að til að efla skólafærni nemenda.



- ✓ gagnkvæmum heimsóknum elstu nemenda leikskólans og nemenda 1. bekkjar grunnskólans.
- ✓ að huga að endurmenntun kennara beggja skólanna til að efla tengsl skólastiganna.

Samstarf skólanna við foreldra

Forráðamenn eru mikilvægir tengiliðir milli skólastiganna og miðla upplýsingum um börn sín og leikskólagöngu þeirra til grunnskólans.

Forráðamenn þurfa að veita barni sínu styrk og undirbúa það til að takast á við þær breyttu aðstæður sem verða við að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla.

Sérstakar áherslur og verkþættir leikskólans:

- ✓ Setja samstarfið inn í skólanámskrá
- ✓ Kynnir samstarf vetrarins fyrir foreldrum leikskólabarna
- ✓ Efla skólafærni nemenda með því að;
 - þjálfra fín- og grófhreyfingar
 - almenn þekkingaratriði og persónulegar upplýsingar
 - sjálfshjálp í athöfnum daglegs lífs.
 - félagsfærni
 - grunnþætti fyrir lestrarfærni
 - grunnþekkingaratriði í stærðfræði

Sérstakar áherslur og verkþættir grunnskólans:

- ✓ Setja samstarfið inn í skólanámskrá.
- ✓ Skólafærninámskeið fyrir foreldra 6 ára barna að vori.
- ✓ Einstaklingsviðtöl foreldrar/barn og kennari að hausti.
- ✓ Kennslu- og námsefnakynning í september.
- ✓ Kynnir samstarf vetrarins fyrir foreldrum barna í 1. bekk.
- ✓ Sér um sundnámskeið fyrir elstu nemendur leikskólans.

Heilsdagsskóli - dægradvöl:

Dægradvöl við Grunnskólann á Þingeyri er starfrækt í Heilsuleikskólanum Laufási. Skóladagvist er einkum ætluð nemendum 1. og 2. bekkjar, en við sérstakar aðstæður er möguleiki að eldri nemendur fái vistun. Skólarnir gera með sér samning á hverjum vetri um liðveislu starfsmanna dægradvalar hvað varðar heimanám grunnskólanemenda. Samningurinn byggir á sameiginlegri ákvörðun skólanna og óskum forráðamanna.

Móttökuáætlun

Að byrja í leikskóla

Aðlögun er sá tími sem nýtt barn kynnist starfsfólki, öðrum börnum og húsakynnum leikskólans. Aðlögun er ekki einungis fyrir börnin heldur einnig tími fyrir foreldra og starfsfólk til þess að kynnast. Með góðum aðlögunartíma aukast því tengslin milli foreldra og starfsfólks og þá gengur hið sameiginlega uppeldisstarf betur. Aðlögun er höfð í stuttan tíma fyrsta daginn og aðeins lengd frá degi til dags, til þess að börnin fái að kynnast fólki og umhverfi smátt og smátt. Það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir þreytu og óþarfi er að þau meðtaki of mikið í einu. Aðlögun tekur oftast nær 4-6 daga, lengri ef þörf krefur. Einnig er æskilegt að aðlaga börnin eftir að hafa verið lengi í burtu. Reynt er að láta sama starfsmanninn fylgja barninu eftir allan aðlögunartímann. Þessir dagar eru mikilvægir fyrir börnin, til að stuðla að vellíðan þeirra hér í framtíðinni. Þau eru aðlöguð í sínum hóp þannig að þau fái stuðning hvert af öðru og tengjast frá upphafi skólagöngu sinnar.

Algeng tímasetning í aðlögun:

Dagur 1: Foreldrar og barn koma kl. 11:00-11:30 og skoða leikskólann vel inni og úti.

Dagur 2: Foreldrar og barn koma kl. 9:40-10:40. Barnið kynnist öðrum börnum í leik.

Dagur 3: Foreldrar og barn koma kl. 9:00- 10:40, foreldrar eru stutta stund með barninu og fara síðan í burtu ef barnið samþykkir.

Dagur 4: Foreldrar og barn koma kl. 8:45-11:30, barnið er skilið eftir ef allt gengur að óskum.

Dagur 5: foreldrar og aðlögunaraðili meta hvernig hefur gengið og ákveða framhald ef þörf þykir, annars er aðlögun lokið.

Tengihlutir - Gott er að senda börnin með myndir (sem verða þá sett í plast) af sér, með mömmu, pabba eða systkinum er þau hefja dvöl á leikskólanum, þá geta þau fengið myndirnar og gengið með hana á sér, ef þau verða leið.

Dagskipulag Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt, það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

Móttökuáætlun leikskóla Ísafjarðarbæjar

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín. Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður þess og ekki er síður mikilvægt að leikskólinn veiti foreldrum greinargóðar upplýsingar um skólastarfið. Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Sú reynsla getur reynst þeim börnum erfið sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja erlenda foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi. Eins þurfa börn og foreldrar líka tækifæri til að ræða saman á móðurmáli sínu um hluti í leikskólaumhverfinu og það kemur í veg fyrir að bil myndist milli heimilis og þess sem barnið upplifir í leikskólanum.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal í leikskólann þar sem skipst er á upplýsingum og gengið frá dvalarsamningi. Aðlögun barns að leikskóla er einnig tími aðlögunar foreldra að leikskólastarfinu og er mikilvægt að foreldrar fái sem fyllstu mynd af starfi leikskólans, kynnist starfsfólki, skipulagi og húsakynnum og síðast en ekki síst öðrum foreldrum í sömu sporum.

Ef í ljós kemur að þörf er á túlk í leikskólann, að hafa frumkvæði að því að bjóða hann, eða ákveða í samráði við foreldra hvernig þeim málum verður háttað. Tvítyngdir kennarar, eða annað starfsfólk leikskólans geta túlkað fyrir foreldra þegar sá möguleiki er fyrir hendi. Einn kostur er að bjóða foreldrum að koma með vin eða einhvern úr fjölskyldunni til að túlka ef foreldrar óska þess. Aldrei skal láta börn túlka viðtöl fyrir foreldra sína. Ávallt skal velja túlk í samráði við foreldra til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ekki er sjálfgefið að foreldrar vilji ræða málefni sín og barna sinna við hvern sem er.

Deildarstjóri eða hópstjóri barnsins er í fyrsta viðtali við foreldra ásamt leikskólastjóranum. Hún hefur það að markmiði að koma á eins góðum tengslum við foreldra og hægt er áður en barnið byrjar í aðlögun. Gott er að barnið sé búð að hitta deildarstjóran/hópstjóran áður en aðlögun hefst. Hún tekur á móti foreldrum og barni í aðlögun og fylgir þeim eftir fyrstu vikuna og er tengiliður barns og foreldra við aðra í kennarahópnum og hefur það hlutverk að kynna deildina, starfsfólk leikskólans og leikskólann á markvissan hátt fyrir barninu og foreldrum þess í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra.

Miklu máli skiptir að foreldraviðtölin séu vel undirbúin og að kennarar hafi þekkingu á spurningunum og tilgangi viðtalsins. Starfsfólk í hverjum leikskóla þarf að ákveða hvers konar upplýsingar þurfi að koma fram í fyrsta viðtali og útbýr það sitt eyðublað í samræmi við það. Enda þótt gott sé að fá góðar upplýsingar um barnið í upphafi leikskólagöngu má viðtalið ekki bera keim af yfirheyrslu. Jafnframt er mikilvægt að foreldrar fái góðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum, því betri upplýsingamiðlun því meiri líkur eru á að þeir öðlist góðan skilning á leikskólastarfinu. Gott er fyrir leikskólastarfsfólk að vita hvernig málumhverfi barnsins er og hvernig hægt sé að mæta þörfum þess á réttan hátt.

Mikilvægt er að hver skóli útbúi slíkt upplýsingablað fyrir sig þar sem kemur fram hvaða upplýsingar er gott að fá til þess að auðvelda barninu byrjunina í skólanum og hvaða upplýsingar er mikilvægt að veita foreldrum. Hafið í huga að myndrænar upplýsingar um starfsemi skólans, námskrármarkmið, dagskipulag, svæði skólans og börn að leik, getur ýtt undir skilning allra foreldra. Hér fyrir neðan eru hugmyndir að upplýsingalista sem skólinn getur stuðst við:

Upplýsingar sem foreldrar veita skóla:

- ✓ Almennar hagnýtar upplýsingar, vinnustaðir foreldra, símanúmer o.s.frv.
- ✓ Heilsufar barns og skapgerð.
- ✓ Matarræði, ofnæmi o.s.frv.
- ✓ Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera, erfiðast?
- ✓ Leikfélagar, þekkir barnið einhvern í skólanum?
- ✓ Viðhorf foreldra til útiveru.
- ✓ Upprunaland móður.
- ✓ Upprunaland föður.
- ✓ Hvar er barnið fætt?
- ✓ Fjölskyldugerð (á barnið systkini?)
- ✓ Á barnið afa og ömmu og hvar búa þau.
- ✓ Hvað er barnið kallað heima – hefur nafn barnsins sérstaka merkingu?
- ✓ Gott er að fá upplýsingar um fyrri dagvistun.
- ✓ Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?
- ✓ Hvaða tungumál talar barnið?
- ✓ Hvaða tungumál talar móðir við barnið?
- ✓ Hvaða tungumál talar faðir við barnið?
- ✓ Hvaða tungumál tala foreldrar hvort við annað?
- ✓ Tala foreldrar íslensku?
- ✓ Vilja foreldrar túlk og ef svo er vilja þeir velja hann sjálfir?
- ✓ Trúarbrögð, trúarlegar hátíðir. Má barnið fara í kirkju?
- ✓ Menning og siðir tengd trúarbrögðum, t.d. matarræði.
- ✓ Eru einhverjar venjur tengdar menningu eða trú sem foreldrar telja að skipti máli í skólastarfinu?
- ✓ Vilja foreldrar að haldið sé uppá hátíðisdaga sem tengjast menningu og trú?
- ✓ Væntingar til skóla?
- ✓ Kennarar óska eftir því að kynnast menningu foreldra til að auðga skólastarfið.
- ✓ Orðalisti. Geta foreldrar látið okkur fá orðasafn yfir t.d. að bjóða góðan dag, velkomin, gleðileg jól, telja upp að tíu og annað sem starfsfólk getur notað til að gera móðurmál barnsins sýnilegra í skólanum?

Mat á leikskólastarfi

Samkvæmt reglugerð ber leikskóla að móta aðferðir til að meta uppeldisstarfið svo og stjórnunarhætti, samskipti innan leikskólans og tengsl við aðila utan hans.

Annað hvert ár er send út foreldrakönnun sem aðstoða okkur við að meta starfið og viðhorf foreldra til skólans.

• Heilsubók barnsins.

Heilsubók barnsins, það er leikur að læra, er grunnur heilsustefnunnar og hjálpar okkur að ná settum markmiðum með skráningu á stöðu barnsins. Skráð er í bókina tvisvar á ári, haust og vor og veita foreldrar heimild fyrir þeim skráningum með undirritun sérstaks samnings þar að lútandi. Heilsubókin hefur að geyma útfærð skráningarblöð varðandi ýmsar upplýsingar um barnið. Þeir þættir sem eru skráðir eru; hæð og þyngd, daglegar venjur, leikur og samskipti, málþroski og málskilningur, einbeiting og sjálfstæði, hreyfifærni (grófhreyfingar) og færni í listsköpun (fínhreyfingar, þróun teikninga, virkni).

• Skimanir

eru gerðar í leikskólanum til að fylgjast með námi og velferð hvers barns, þær skimanir sem lagðar eru fyrir eru;

Hljóm-2 próf eru hjá elsta árgangi.

EFI-2 fyrir börn á fjórða aldursári

Tove Krogh teikniskimunarpróf fyrir 4 -5 ára börn.

Hreyfiproskamat fyrir 4 ára börn

Stærðfræðimat fyrir 5 ára börn

- **Mat foreldra**

Foreldrum gefst kostur á að leggja mat sitt á starfsemi leikskólans og er sérstakur listi ætlaður til þess. Niðurstöður gefa leikskólakennurum leikskólans góðar vísbendingar um hvað foreldrar eru ánægðir með og hvað mætti betur fara í starfinu.

Innra mat í leikskólum

Innra mat leikskólans miðar að því að meta leikskólastarfið með kerfisbundnum hætti til að finna veik- og styrkleika starfsins á sem víðastan hátt. Matið nær yfir alla þætti leikskólastarfsins og miðar að því að allir helstu hagsmunaaðilar leikskólans komi að matinu þ.e. starfsfólk, börn og foreldrar. Stuðst er við fjölbreyttar matsaðferðir og eru þær í formi viðhorfskannana, viðtala, rýnifunda, rýni í skráningargögn og matslista. Að vori er allt mat tekið saman í endurmatsskýrslu og gerð er umbótaáætlun sem er liður í starfsáætlun leikskólans

Það er mælt með því að hver hópstjóri gerir sína starfsáætlun að hausti sem byggir á aðalnámskrá leikskóla 2011. Þar koma fram þær áherslur sem taka á fyrir. Einnig koma fram markmið með því sem valið hefur verið og leiðir til að ná þeim. Reglulega er farið yfir og athugað hvernig gangi, hvað gekk vel, hvað gekk síður og hvað má bæta við eða taka út. Vikulegar starfsáætlanir hanga uppi hjá hverjum hópi svo foreldrar hafi aðgang að því sem er verið að gera. Einnig er mikilvægt að börnin hafi áhrif á það sem gert er og að þeirra skoðanir og vilji fái að njóta sín í starfinu. Þau fá að gefa hópastarfi einkunn með mælieiningunum mjög gaman, gaman eða leiðinlegt.

Ísafjarðarbær sér um foreldrakannanir og starfsmannakannanir þar sem koma fram skoðanir þeirra á starfinu.

Ytra mat í leikskóla

Ytra mat er mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra aðila. Matið felst í úttekt á skólastarfinu eða einstökum þáttum þess. Fræðslunefnd hefur eftirlit með því að starfsemi leikskóla samræmist leikskólalögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Það er gert með því að m.a. kalla eftir starfsáætlunum og ársskýrslu, skóladagatölum og öðrum þeim áætlunum sem eiga við hverju sinni. Mennta- og menningarmálaráðuneytið ber ábyrgð á að fylgjast með því að sveitarfélög uppfylli lögbundnar skyldur sínar gagnvart skólum.

Foreldraráð las yfir og samþykkir 9. febrúar 2017

Skilað til Fræðslunefndar Ísafjarðarbæjar, 13. febrúar 2017

Kveðja,
Elsa María

Elsa María Thompson
Leikskólastjóri
Heilsuleikskólinn Laufás
Hlíðargata 1,
470 Þingeyri.
elsath@isafjordur.is